



Frummat á framtíðar-/viðbótarvatnsbólum Skilgreining verkefnis

Kristján Sæmundsson, Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð KS-FS-97/05

FRUMMAT Á FRAMTÍÐAR-/VIÐBÓTARVATNSBÓLUM Skilgreining verkefnis

Kannað verður hvar Vatnsveita Reykjavíkur hefur möguleika á framtíðar/viðbótarvatnsbólum ef núverandi vatnsbólasvæði veitunnar annað hvort spillist af einhverjum ástæðum eða vatnspörf verður meiri en núverandi vatnsbólasvæði stendur undir. Þar koma helst til greina staðir á vatnsviði Þingvallavatns, og staðir á vatnsviði grunnvatnsstraums sem liggur frá Lönguhlíð og Kleifarvatni til Straumsvíkur.


Þá er áhugi á að láta kanna hvort og hvar möguleikar eru á vatnsöflun fyrir vatnsveitu í þéttbýli á Kjalarnesi ef til sameiningar sveitarfélaganna kæmi. Þar yrði einungis um nokkra tugi l/s að ræða.


Varðandi Kjalarnes virðist svæðið ofan við Mógið vænlegast ef vatnstaka þar rekst ekki á aðra starfsemi. Þar þarf því einnig að skoða fleiri kosti.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem gera þyrfti til að fá samanburðarhæfan grundvöll til að byggja á varðandi staðarval og frekari ákvarðanatöku. Reynt verður með þessari forvinnu að skoða kosti og ókosti með tilliti til eftirfarandi atriða:

- Vatnsgæfni svæða (lekt o.fl., vatnajarðfræði og grunnvatnsfræði).
- Vatnsmegin svæða (flatarstærð, vatnshagur, vatnafræði).
- Vatnsgæði (efnainnihald, hreinleiki vatns, jarðefnafræði).
- Mengunarhættur á vatnsviðinu.
- Vatnsverndarsvæði (þ.m.t. hagsmunárekstrar við aðra landnýtingu og landvernd).
- Eignarréttur og stjórnsýsluleg umráð.
- Aðgengi og aðstæður til virkjunar, land- og grunnvatnshæð.
- Umhverfisvernd og mannvirkjagerð.
- Veitulagnir, lengd og aðstæður.

Fyrsta stigið í þessu verkefni er skv. ofansögðu n.k. frummat. Þar er einungis reiknað með könnun á tiltækum heimildum og gögnum sem varða ofangreind atriði. Stöðu þekkingar á hverju þessara svæða yrði lýst og rannsóknarþörf metin. Niðurstaðan yrði notuð til að velja álitlegustu vatnstökusvæðin þangað sem framhaldsrannsóknum yrði beint. Áætlað er að vinna við frummatið yrði á bilinu 200-300 tímar, og kostnaður 750.000 - 1 miljón.


Kristján Sæmundsson


Freysteinn Sigurðsson